

SÚÐAVÍKURHREPPUR

10. FUNDUR FRÆÐSLU- TÓMSTUNDAR - MENNINGAR OG KYNNINGARNEFNDAR KJÖRTÍMABILID 2018-2022

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS, FIMMTUDAGINN 25. FEBRÚAR 2021, KL. 15:00

Fimmtudaginn þann 25. febrúar 2021 kl. 15:00 var haldinn fundur í fræðslu, tómstundar, menningar og kynningarnefnd Súðavíkurhrepps.

Mætt til fundar: Stella Guðmundsdóttir, Oddný Bergsdóttir, Thorsteinn Haukur Þorsteinsson, Halldóra Pétursdóttir og Anna Lind Ragnarsdóttir.

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundarins. Fundargerð ritar Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

Dagskrá:

1. Dægradvöl – auka gæsla og síðdegiskaffi.
2. Fækkun nemenda. Leiðir til úrbóta.
3. Mötuneytismál – gjaldskrá ofl.
4. Stytting vinnuviku – fyrirkomulag – kynning.
5. Barnaverndarmál.
6. Styrkbeiðnir félaga- og félagasamtaka.
7. Karlar í skúrnum.
8. Málefni Melrakkaseturs og Eyrardalshússin.
9. Kynning á innra mati skólans
10. Heimasíðan
11. Lífshlaupið
12. Sérkennslumál
13. Önnur mál til kynningar:
 - Púttvöllur.
 - Torg/lundur þar sem jólatré hefur staðið.
 - Bæting upplýsinga vegna tjaldstæðis ofl.
 - Sturtuaðstaða á Langeyri í ræktarhúsnæði og fjöru.
 - Ræktin og lýðheilsa í Súðavíkurhreppi.
 - Raggagarður í sumar – starfsmenn, skemmtanir ofl.

Afgreiðsla fundar

1. Dægradvöl – auka gæsla og síðdegiskaffi.
Skólastjóri mótar umgjörð um reglur fyrir dægradvöl og gjald fyrir síðdegishressingu.
2. Fækkun nemenda. Leiðir til úrbóta.
Halda úti auglýsingu fyrir því sem hér er unnt að bjóða upp á s.s. frír leikskóli o.s.frv.
3. Mötuneytismál – gjaldskrá ofl.

Stök máltíð (morgunmatur) skóli = 250 kr.

Stök máltíð (hádegi) skóli = 500 kr.

Stök máltíð (morgunmatur) leikskóli = 200 kr.

Stök máltíð (hádegi) leikskóli = 300 kr.

Stök máltíð (síðdegishressing) leikskóli = óbreytt kr. 121 kr.

4. Stytting vinnuviku – fyrirkomulag – kynning.
Samið við Fosvest og Verkvest um styttingu vinnuviku frá 1. janúar 2021 – frí einn föstudag í mánuði og halda matar og kaffitímum.
Klárað verði að semja við starfsmenn Fosvest um styttingu vinnuviku.
5. Barnaverndarmál.
Fært í trúnaðarmálabók fræðslu-tómstunda-menningar- og kynningarnefndar.
6. Styrkbeiðnir félaga- og félagasamtaka.
Nefndin leggur til að keypt verði auglýsing í blaði Sólrísunefndar, Sólrísublaðinu – styrktarlína fyrir kr. 50.000.-
Nefndin leggur til að keypt verði auglýsingarskilti hjá Knattspyrnudeild Vestra. Kanna verð og velja að því loknu styrktarlínu.
7. Karlar í skúrnum.
Nefndin tekur heilshugar undir verkefnið. Aðstaða og tæki eru til staðar, skólastjóri verður í ráðum varðandi smíðaverkfæri og tæki enda eru þau í eigu Súðavíkurskóla.
Nefndin leggur til að boðað verði til stofnfundar sem fyrst og höfð hliðsjón af sambærilegum verkefnum annars staðar undir nafninu Karlar í skúrnum. Nefndin leggur þó áherslu á að félagið eða starfsemin verði opin fyrir öll kyn og óháð aldri, eftir því sem við á.
Þá er einnig lagt til að skoðað verði með þá afþreyingu sem til er í eigu Súðavíkurhrepps, Súðavíkurskóla og félaga í Súðavíkurhreppi sem heppilegt væri að setja upp í aðstöðu þar sem starfsemin færi fram.
8. Málefni Melrakkaseturs og Eyrardalshússins.
Staða setursins kynnt og áform um að reka Melrakkasetur í annarri mynd næsta sumar, enda ekki nein vissa fyrir því að rekstrargrundvöllur verði í sumar með erlendum ferðamönnum.
Rekstur taki frekar mið af því að um innlenda ferðamenn verði að ræða og þá með þjónustu í form greiðasölu, kaffihúss og samkomustaðar. Nefndin vill að Melrakkasetur verði skoðað m.t.t. opnunar þess vor 2022.

9. Kynning á innra mati skólans.

Ýmsar kannanir í gangi og yfirstaðnar: Samstarf heimili og skóla – upplýsingamiðlun.
Nám og námsárangur – fagmennsku og samstarf nemenda og starfsmanna.
Sendar út kannanir til foreldra barna og starfsmanna um stjórnun skólans.

10. Heimasíðan.

Heimasíða er í smíðum og verður vonandi klár fyrir lok mars 2021.

11. Lífshlaupið.

Súðavíkurskóli tók þátt í lífshlaupinu og Súðavíkurskóli var í 1. sæti (vann keppnina), var með langflestar mínútur í hreyfingu.

12. Sérkennslumál.

Til kynningar.

13. Önnur mál til kynningar og afgreiðslu:

Púttvöllur.

Kynnt hugmynd um púttvöll, en nefndin vill fá frekari upplýsingar.

Torg/lundur þar sem jólatré hefur staðið.

Nefndin leggur til að skoðað verði með þá hugmynd að útbúa lund við gatnamótin við Grundarstræti milli skóla og Álftavers.

Bæting upplýsinga vegna tjaldstæðis ofl.

Nefndin leggur til að öll skilti í Súðavík verði yfirfarin, uppfærð og lagfærð.

Sturtuaðstaða á Langeyri í ræktarhúsnæði og fjöru.

Nefndin leggur til að sett verði upp sturtuaðstaða á Langeyri í ræktaraðstöðu.

Ræktin og lýðheilsa í Súðavíkurbreppi.

Nefndin leggur til fund með Ungmennafélaginu Geisla um endurnýjun tækja og búnaðar á Langeyri.

Raggagarður í sumar – starfsmenn, skemmtanir ofl.

Nefndin leggur til að sambærilegt fyrirkomulag verði í sumar með starfsmenn í Raggagarði.

Áfangastaðaaætlun Vestfjarða samþykkt. Gerðar eru athugasemdir við lítið pláss

Súðavíkurbrepps í þeirri áætlun, einkum þykir vanta umfjöllun um Vatnsfjörð.

Samningur um Áfangastaðaaætlun Vestfjarða við Auðlinda- og nýsköpunarráðuneytið verði samþykktur í nafni nefndarinnar með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar Súðavíkurbrepps.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:02

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Sign.

Stella Guðmundsdóttir

Oddný Bergsdóttir

Anna Lind Ragnarsdóttir

Þorsteinn Haukur Þorsteinsson

Halldóra Pétursdóttir